



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKSINS

Alþingi

13/1258

Dagsetning

Erindi nr. Þ

13/1258

komudagur 12.4.2005

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 REYKJAVÍK

11. apríl 2005

/HG

Vísað er til bréfs Allsherjarnefndar Alþingis, dags. 14. mars 2005, þar sem stofnuninni var gefinn kostur á að koma að umsögn um tillögu til þingsályktunar um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára, 73. mál.

Hjálagt fylgir umsögn Fangelsismálastofnunar um ofangreint frumvarp.

Valtýr Sigurðsson

## Nefndasvið Alþingis

### *Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sérdeild fyrir unga fanga á aldrinum 18-24 ára.*

Fangelsismálastofnun vill taka undir þann forvarnartón sem fram kemur í ofangreindri þingsályktunartillögu.

Fyrir þinginu liggur nú frumvarp til laga um fullnustu refsinga, þar sem m.a. er lögð áhersla á einstaklingsbundnar meðferðaráætlanir fyrir þá sem afplána refsingar í fangelsum hérlendis. Miðað er við að í upphafi afplánunar verði þeir sem eru í miklum vímuefnavanda við komu í fangelsi vistaðir á afeitrunardeild og síðan í framhaldinu vistaðir til áframhaldandi afplánunar m.a. eftir aldri, sakaferli, grófleika brots, kyni og búsetu. Vinna, meðferð og nám fanga verða höfð að leiðarljósi í afplánuninni.

Fangelsismálastofnun hefur skilað skýrslu til dómsmálaráðherra þar sem þetta er haft að leiðarljósi og um uppbyggingu fangelsa hér á landi. Þar er m.a. gert ráð fyrir því að byggt verði nýtt 54 fanga fangelsi í Reykjavík og Hegningarhúsið ásamt Fangelsinu Kópavogsbraut 17 verði lögð niður sem fangelsi en aðstaða í Fangelsinu Kvíabryggju, Akureyri og Litla-Hrauni verði bætt verulega. Föngum á Kvíabryggju verður fjölgað úr 14 í 20.

Fangafjöldi á Íslandi er í dag hlutfallslega sá lægsti miðað við þau lönd sem við berum okkur saman við eða rúmlega 40 fangar á hverja 100.000 íbúa. Hin Norðurlöndin eru með fangafjölda á bilinu 60-70 fanga á hverja 100.000 íbúa. Heildarfjöldi fanga í fangelsum hérlendis er um 120 og af þeim eru að meðaltali um 25-30% 24 ára og yngri. Um 95% þeirra eru karlar og 5-8% eru erlendir ríkisborgarar. Sakaferillinn er allt frá umferðalagabrotum til grófra ofbeldisbrota. Sumir hafa ekki afplánað áður, aðrir hafa margar afplánanir að baki. Stór hluti þessara ungmenna hefur verið í nokkurri eða mikilli vímuefnaneyslu um lengri tíma, aðrir eiga lítt eða ekki við slíkan vanda að stríða. Tæplega 60% þeirra sem eru í afplánun hérlendis hafa farið í vímuefnaeðferð, sumir oft. Þá hefur hluti þessara ungu fanga verið á meðferðarstofnunum á vegum barnaverndaryfirvalda. Félagslegar aðstæður svo sem menntun, atvinnumöguleikar og fjölskylduhagir eru að meðaltali mun erfiðari heldur en almennt gerist. Áætlað er að allt að 20% þeirra eigi auk þess við geðræn vandamál að stríða.

Eins og sjá má af þessari upptalningu á þessi stóri hópur að hluta til við sama vanda að stríða en fjölbreytileikinn er einnig mikill og erfitt að hafa svo mikinn fjölda á einni deild eða í sama fangelsi. Vegna smæðar samfélagsins þekkjast mörg ungmennanna innbyrðis og hafa staðið saman í afbrotum og vímuefnaneyslu um lengri eða skemmri tíma. Þess vegna standa rök oft til þess aðskilja þau hvert frá öðru bæði á milli deilda í fangelsum eða á milli fangelsa. Þannig getur t.d. verið heppilegt að vista ungan og óreyndan fanga með eldri föngum sem hafa ekki áður afplánað refsingu eða ungan og “erfiðan” fanga með eldri föngum sem eiga við fá vandamál að glíma. Meðferð ungra fanga verður að vera veigamikill þáttur í starfsemi fangelsanna og ekki er síður mikilvægt að undirbúa losun þeirra úr fangelsi. Reynslan sýnir okkur hins vegar að erfitt er að ná til ungra fanga, ekki síst ef þeir eru vistaðir margir saman.

Ef fyrirliggjandi tillögur Fangelsismálastofnunar ná fram að ganga verður unnt að sinna þessum hópi fanga sem og öðrum mun betur heldur en hægt hefur verið hingað til.